

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.31 Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
- 87.02.32 Snjósleðar.
- 87.02.38 Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ællaðar til sérstakra annarra nota.
- 87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum er ákveðið 50% af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði II. kafla laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

Þó skal af tollverði dráttar bifreiða í tnr. 87.01.20, almennings bifreiða í tnr. 87.02.20 og vörubifreiða að burðarþoli 6 tonn og þar yfir í tnr. 87.02.33 og 87.02.34 einungis innheimta 25% innflutningsgjald.

Þá skal enn fremur aðeins innheimta í peningum við tollafgreiðslu 25% innflutningsgjald af bifreiðum til leigubifreiðastjóra, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga að aðalstarfi og af bifreiðum sendibifreiðastjóra, sem hafa akstur sendibifreiða að aðalstarfi. Af bifreiðum þessara aðila, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi, skal við tollafgreiðslu innheimta í peningum 38% innflutningsgjald. Um framkvæmd eftirgjafar þessarar skal fara á sama hátt og segir í reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga, og gilda þar reglur á sama hátt um eftirgjöf innflutningsgjalds eftir því sem við á.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 18/1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 7. apríl 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.